



Skipulags-og byggingarnefnd Fundargerð

Fundur nr.103 haldinn á skrifstofu Skaftárrepps Klausturvegi 10, þriðjudaginn 8.júlí 2014 klukkan 15:00. Mættir eru nefndarmenn Jóhannes Gissurarson formaður nefndarinnar, Guðbrandur Magnússon, Davíð Andri Agnarsson, Páll Jónsson, Kristbjörg Hilmarsdóttir og Vigfús Þ. Hróbjartsson fulltrúi skipulags - og byggingarmála.

Dagskrá:

Fundir Skipulags –og byggingarnefndar:

1. Erindisbréf Skipulags –og byggingarnefndar

Erindisbréf skipulags og byggingarefnar lagt fram til kynningar. Nefndin vill beina því til sveitarstjórnar að erindisbréf skipulags –og byggingarnefndar verði uppfært m.t.t. nágildandi laga og reglugerða.

2. Fundartími – Ákveðinn tími á fundi skipulags –og byggingarnefndar

Fulltrúi skipulags –og byggingarmála í samráði við sveitarstjóra leggur til fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl.15:00.

Samþykkt.

3. Kynning á skipulagsmálum í vinnslu.

Fulltrúi skipulags –og byggingarnefndar kynnir fyrir nefndarmönnum þau verkefni sem eru í vinnslu á sviði skipulagsmála í sveitarfélagini.

Byggingarmál:

4. Ytri - Dalbær – Byggingarleyfi

Sverrir Haukur Gunnlaugsson 201042-3219 og Guðný Aðalsteinsdóttir 220242-7069 sækja um byggingarleyfi fyrir stækkun núverandi sumarhúss að Ytri Dalbæ landnr. 188411 samkv. meðfylgjandi uppdráttum. Um er að ræða stækkun um 35,5 m².

Samþykkt. Fulltrúa skipulags- og byggingarmála falið að ljúka málinu.

5. Vatnajökulsþjóðagarður – Byggingarleyfi

Birgir Teitsson 020460-4589 fh. Vatnajökulsþjóðgarðs sækir um byggingarleyfi fyrir byggingu þjónustuhúsa S1 og U2 á lóð RR-tréverks samkv. Meðfylgjandi uppdráttum. Húsin eru ætluð til flutnings. Ætlunin er að flytja húsið að Langasjó sambr. gildandi deiliskipulagi svæðisins.

Nefnin tekur fram að í deiliskipulag Langasjávar er gert ráð fyrir 20 m² salernishúsi að hámarki. Samkv. Meðfylgjandi teikningum er gert ráð fyrir 17,7 m² salernishúsi og 12,8 m² aðstöðuhúsi fyrir landvörð. Viðkomandi byggingar standast því ekki gildandi deiliskipulag svæðisins.

H

JG

Byggingarleyfi fyrir byggingu viðkomandi húsa á lóð RR-tréverks er þó samþykkt sambr. meðfylgjandi teikningum. Fulltrúa skipulags- og byggingarmála falið að ljúka málín. Byggingarleyfi fyrir uppsetningu húsanna að Langasjó sbr. Meðfylgjandi uppdráttum verður ekki afgreitt fyrr en að lokinni endurskoðun deiliskipulags svæðisins.

6. Hótel Núpar – Byggingarleyfi

Hótel Vatnajökull ehf. Sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun starfsmannaðstöðu að Hótel Núpum samkv. meðfylgjandi uppdráttum. Eftir stækkun verður húsnæðið 234,6 m² samkv. skráningartöflu.

Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málín.

Skipulagsmál:

7. Orustustaðir - aðalskipulagsbreyting

Lagt er fyrir nefndina tillaga að breyttu aðalskipulagi fyrir Orustustaði í Skaftárreppi. Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði breytist í verslunar –og þjónustusvæði auk þess sem skilgreint er nýtt efnistökusvæði í landi Orustustaða ætlað til uppbyggingar á aðkomuvegi og annarra framkvæmda. Við frágang efnisnámu verði búnar til tjarnir til styrkingar á votlendi svæðisins.

Skipulags –og byggingarnefnd mælist til að eftirfarandi atriði verði höfð að leiðarljósi vegna tillögu þessarar

- *Viðkomandi náma verði skilgreind nánar m.t.t. efnisgerðar.*
- *Tillagan verði send umsagnaraðilum til yfirferðar. Eftirfarandi umsagnaraðilar skulu fá tillögu þessa til umsagnar:*
 - *Heilbrigðiseftirlits Suðurlands*
 - *Vegagerðin*
 - *Minjastofnun*
 - *Umhverfisstofnun*
 - *Landeigendur aðliggjandi jarða og hagsmunaðilar.*

Að öðru leiti gerir nefndin ekki athugasemd vegna viðkomandi aðalskipulagsbreytingar og mælist til þess að hún verði auglýst samkv. 31.gr. skipulagslag nr. 123/2010.

Kristbjörg situr hjá við afgreiðslu nefndarinnar, hún telur upplýsingar vegna málsins ekki liggja nægjanlega skýrt fyrir svo hún geti tekið afstiðu til þess.

8. Skaftárvellir – Deiliskipulag

Í kjölfar auglýsingar deiliskipulags fyrir Skaftárvelli á Kirkjubæjarklaustri bárust athugasemdir og umsagnir frá alls fjórum aðilum. Tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda við vinnslu tillögunnar.

Í greinargerð skipulagsins er fjallað um athugasemdir sem gerðar voru við deiliskipulagið eftir auglýsingartíma og hvernig brugðist hefur verið við þeim. Þeim aðilum sem gerðu athugasemdir hefur verið send greinargerð skipulagsins þar sem athugasendum þeirra er svarað. Nefndin gerir athugasemd við að ekki séu merktar gangstéttir beggja megin við götur Skaftárvalla auk gangbrauta og mælist til þess að því verði breytt á skipulagsuppdrætti.



*Nefndin telur að viðkomandi breytingar teljist óverulegar eftir auglýsingu og mælist til þess að skipulagið verði sent til samþykktar skipulagsstofnunnar samkv. 42.gr.
skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir birtingu í B-deild stjórnartíðinda.*

9. Eldhraun – Óveruleg breyting á deiliskipulagi

Lagt er fyrir nefndina óveruleg breyting á samþykktu deiliskipulagi við Eldhraun. Í breytingunni felst að ein tenging verður við þjóðveg 1 auk þess sem tillöggunni er snúið til að framkvæmdin falli betur inn í landslag svæðisins. Viðkomandi breyting er unnnin í samráði við Vegagerðina, Landmótun, Kötlu Geopark og Vatnajökulsþjóðgarð.

Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að tilkynna breytinguna til skipulagsstofnunnar samkv. 43.skipulagslaga.

10. Langisjór - stofnun lóðar

Vatnajökulsþjóðgarður sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar við Langasjó samkv. Samþykktu deiliskipulagi svæðisins.

Skipulags-og byggingarnefnd samþykkir stofnun lóðarinnar. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að senda beiðni um stofnun lóðar innan þjóðlendu til samþykktar forsætisráðuneytis.

Önnur Mál:

11.Orkufjarskipti – Framkvæmdaleyfi

Orkufjarskipti sækja um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara frá Snjóöldu að Hörðubreiðarháls. Í framkvæmdinni fels að plægður er niður ljósleiðarastrengur 24 km. Leið samkv. lýsingu og loftmynd.

Nefndin gerir ekki athugasemd við veitingu framkvæmdaleyfis vegna lagningu viðkomandi ljósleiðara. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málín.

Fundargerð uppliesi og samþykkt.

Ekki fleira gert

Fundi slitið kl. 16:30

